



# ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Til afhendingarskyldra aðila ríkisins

Reykjavík 18. júlí 2018  
Tilv. 1806103/2.2

## Efni: Skjalavarsla og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila í kjölfar nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga

Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi ný lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga. Lögin tóku gildi frá og með 15. júlí sl. Með bréfi þessu vill undirritaður, að höfðu samráði við mennta- og menningarmálaráðuneyti, minna á að lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn gilda um skjalavörslu og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila. Þau mæla fyrir um meðferð, vörslu og eyðingu gagna afhendingarskyldra aðila og eru sérlög gagnvart nýjum persónuverndarlögum.

Í aðdraganda innleiðingar nýrrar Evrópureglugerðar um persónuvernd og nýrra persónuverndarlaga komu upp álitamál um hver yrðu réttaráhrif reglugerðarinnar og nýrra laga. Upp kom m.a. sá misskilningur að með nýjum persónuverndarlögum verði afhendingarskyldum aðilum heimilt, og jafnvel skylt, að eyða persónuupplýsingum sem myndast í starfseminni og að einstaklingar gætu beðið um að upplýsingum um þá sem er að finna í opinberum kerfum og skjalasöfnum verði eytt. Svo er ekki. **Ekki er heimilt að eyða nokkru skjali í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila nema með heimild þjóðskjalavarðar, reglum sem settar eru á grundvelli laga um opinber skjalasöfn eða samkvæmt sérstöku lagaákvæði**, sbr. 24. gr. laga um opinber skjalasöfn. Þetta ákvæði á jafnt við um skjöl og gögn sem innihalda persónuupplýsingar og önnur gögn í skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila.

Mikilvægt er að afhendingarskyldir aðilar geri sér grein fyrir þessu. Varsla og eyðing upplýsinga hjá þeim verður því áfram með sama hætti og verið hefur og lýtur lögum um opinber skjalasöfn.

Réttur til eyðingar persónuupplýsinga samkvæmt nýjum lögum beinist fyrst og fremst að upplýsingum sem einkaaðilar safna um einstaklinga, t.d. á samfélagsmiðlum, en nær ekki til upplýsinga hjá afhendingarskyldum aðilum, enda er þar um að ræða upplýsingar sem aflað er með lögmætum hætti í því skyni að framfylgja lögbundnum verkefnum. Bæði reglugerð Evrópusambandsins og hin nýju persónuverndarlög heimila opinberum aðilum að safna persónuupplýsingum sem þeir þurfa að halda vegna lögbundinnar starfsemi og varðveita þær á lögmætum og málefnalegum forsendum. Orðalagið „*skjalavistun í þágum almannahagsmunu*“, sem er að finna í lögum og reglugerð, vísar í þennan rétt. Þá segir í 4. mgr. 18. gr. nýrra laga um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga: „*Heimilt er að afhenda opinberu skjalasafni upplýsingar sem falla undir lög þessi í samræmi við ákvæði laga um opinber skjalasöfn.*“ – Það er því ljóst að persónuupplýsingar hjá afhendingarskyldum aðilum ber að varðveita og afhenda opinberu skjalasafni í samræmi við lög um opinber skjalasöfn.

Undirritaður vill jafnframt minna á að það getur valdið réttindum einstaklinga og stjórnvalda skaða verði skjölum og upplýsingum afhendingarskyldra aðila ekki haldið til haga eins og lög um opinber skjalasöfn og reglur sem settar eru á grundvelli laganna mæla fyrir um. Það er á ábyrgð forstöðumanns hvers afhendingarskylds aðila að sjá til þess að skjölum sé ekki eytt án heimildar og að skjalavarsla og skjalastjórn sé með þeim hætti sem segir í lögum og reglum, sbr. 22. gr. laga um opinber skjalasöfn.

Virðingarfyllst,

*Eiríkur G. Guðmundsson*

Eiríkur G. Guðmundsson,  
þjóðskjalavörður

Afrit: Héraðsskjalasöfn